

92 mæðrum þeirra, sem að framan greinir, og að minnsta kosti 20 atkvæmi hans
23. sept. í annan lið 2 vetra og eldri, ella er ekki hægt að dæma honum verðlaun fyrir afkvæmi.

Reglur þessar eru hérmeð settar samkvæmt lögum 8. september 1931 um búfjártryggingar til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. september 1932.

Þorsteinn Briem.

Páll Pálmason.

93 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Sönglistarsjóð Stokkseyrar-
27. sept. kirkju, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 27. september 1932. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Sönglistarsjóð Stokkseyrarkirkju.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sönglistarsjóður Stokkseyrarkirkju. Stofnaður 5. apríl 1928 af Gísla Pálssyni organleikara við Stokkseyrarkirkju. Stofnfé kr. 250.00 — tvö hundrum og fimmtíu — krónur.

2. gr.

Sjóðnum stjórnar fimm manna nefnd. Sóknarnefndin 3 menn og organleikari sjálfkjörinn. Svo kys söngflokkurinn 1 mann eða það, sem vantar í fim. Nefndin sér um að efla sjóðinn með frjálsum samskotum, söngskemtunum, hlutaveltum og ýmsu því er hún sér best henta, en ekki með neinum skyldugjöldum.

3. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 3000,00 — þrjú þúsund krónur — má taka út hálfa vexti hvert ár, sem söngflokkurinn skiptir í fyrirhöfn sína við söng kirkjunnar eða til að mennta einn eða fleiri í sönglist, sem á að koma þeim að góðum notum við kirkjusönginn. Sönginn skal æfa og vanda á ári hverju með góðum áhuga og vandvirkni, svo góður verði.

4. gr.

Nú falla æfingar niður og söngurinn er ekki góður að dómi nefndarinnar, skal þá ekki taka út vexti það ár, leggjast þeir þá við höfuðstól til þess að auka hann sem mest, svo að söngflokkurinn fái vilja á að hafa sönginn sem beztan að hægt er með þekkingu, vilja og góðri ástundun.

5. gr.

Sjóðinn má aldrei skerða. Hann skal vera á góðum rentustað, vel tryggður, t. d. Söfnunarsjóð Íslands. Hann skal vera eign Stokkseyrarkirkju og notaður í þessar þarfir sem að ofan er getið, en ekki skal hann renna saman við sjóð kirkjunnar og ávallt skulu reikningar hans færðir út af fyrir sig í þar til gerða bók við kirkjuna. Ákvæði laga um að fé kirkna skuli ávaxta í hinum almenna kirkjusjóði ná ekki til þessa sjóðs. Þó að hin evangeliska-lúterska kirkja hætti að vera þjóðkirkja Íslands, má sjóður þessi aldrei verða eign ríkisins, heldur skal hann þá vera alger eign evangelisk-lútersks safnaðar Stokkseyrar.

6. gr.

Reikningur sjóðsins skal lesinn upp ár hvert á safnaðarfundum með reikningum kirkjunnar, útskýrður eftir þörfum og fylgja reikningum hennar til prófasts, undirskrifaður af nefndinni.

Stokkseyri, 3. september 1932.

Gísli Pálsson.

REGLUGERÐ

um

skýrslugerðir lækna og þeirra, sem lækningaleyfi hafa, annara heilbrigðisstarfsmanna og heilbrigðisstofnana.

1. gr.

Allir lækna og þeir, sem lækningaleyfi hafa, skulu skyldir til að halda dagbók eða spjaldskrá yfir sjúklinga þá, sem þeir taka til meðferðar, og skrá þar nafn hvers sjúklings, aldur, stöðu, heimilisfang, sjúkdóm, meðferð og afdrif, þegar þau eru kunn.

2. gr.

Héraðslækna skulu, auk þess sem segir í 1. gr., halda þær bækur, er varða embætti þeirra, eftir lögum og reglugerðum og fyrirætlum landlæknis. Héraðslækna skulu halda saman öllum embættisbréfum og skeytum,